

Sköpun

Menning

Í skapandi starfi fá tilfinningar, ímyndun og hugmyndir nemenda að njóta sín. Við hvetjum til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða nemenda með því að skapa rými og aðstæður fyrir skapandi ferli og skynjun á þeirra eigin forsendum í námi og leik. Þjóðmenning, lýðræði og skapandi vinna fléttast inn í allt starf leikskólans og leik nemenda.

Áherslubaðttir og leiðir

Í Pálmholti:

Viljum við að nemendur njóti þess að taka þátt í skapandi ferli og til þess sýnum við sköpunarferli þeirra og verkum áhuga. Við veitum tækifæri til sköpunar og tjáningar með fjölbreyttu umhverfi. Við spyrjum hvetjandi spurninga, erum dugleg að hrósa og höfum verkin sýnileg.

Kynnum við fjölbreyttan efnivið fyrir nemendum og notum ýmsa tækni, svo sem skjávarpa, myndvarpa, upptökutæki, tölvur eða hluti úr náttúrunni.

Nýtum við lestur og söng í daglegu starfi til að kynna nemendur fyrir þulum, bókmenntum, sögum, ævintýrum og hvetjum til eigin skáldskapar.

Förum við í vettvangsferðir til að njóta fjölbreyttra lista og menningar og heimsóknir á milli lóða. Einnig bjóðum við áhugaverðu fólki eða hópum í heimsókn sem geta gefið okkur innsýn í aðra heima. Árlega er fjölmenningsvika þar sem sérstök áhersla er á að kynna ýmsum menningarheimum. Við sköpum umræðu um aðra menningarheima og nýtum umhverfið til að kynna okkar eigin.

Viljum við að nemendur taki virkan þátt í að móta menningu leikskólans og því taka þeir þátt í undirbúningi ýmissa viðburða, svo sem Degi íslenskrar tungu, foreldrakaffi, vorboðum og öðru sem viðkemur leikskólanum.

Mat

- Við metum starfið hjá okkur með markvissum skráningum á áherslubaðttum skólans og gátlistum, ásamt endurmati barna og kennara, til dæmis með jafningjamati og ígrundun.
- Mat á upplifun nemenda í listum.
- Halda utan um verk nemenda → halda sýningar.
- Sjálfsmýndir teiknaðar þrisvar sinnum á skólaári.
- Litabekking gerð tvisvar til þrisvar sinnum á skólaári, frá 2. ára aldri.
- MIO matslisti á talnaskilningi, rökhugsun og rýmisvitund.